

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Isavia ohf.  
kt. 550210-0370

Starfsstöð: Hornafjarðarflugvöllur, 781 Höfn  
Fastanúmer: 218-0044

Leyfið gildir frá 13. desember 2019 til 13. desember 2031

**Um er að ræða starfsleyfi fyrir flugvöll með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirki, þ.e. flugstöð, viðgerðaaðstöðu, olíumannvirki o.þ.h.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Dröfn Svanhjörnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Isavia ohf., kt. 550210-0370

Starfsstöð: Hornafjarðarflugvöllur, 781 Höfn í Hornafirði

Fastanúmer: 218-0044

Leyfið gildir frá 13. desember 2019 til 13. desember 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir flugvöll með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirki, þ.e. flugstöð, viðgerðaaðstöðu, olíumannvirki o.þ.h.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

#### 1.1. Flugstöð

Í flugstöðinni eru biðsalir og innritunaraðstaða farþega, snyrtingar og ræstiaðstaða.

- *Um starfsemina gildir m.a. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.*

##### 1.1.1. Almenningsalerni

Snyrtingar gesta eru þannig: Fyrir konur tvö salerni, fyrir karla er eitt salerni og þvagskál.

- *Um snyrtingar sem almenningur hefur afnot af skal farið eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir almenningssalerni. Fylgiskjal 1.*

##### 1.1.2. Ræstiaðstaða og loftræsing

Ræstiaðstaða er í flugstöðinni. Ekki er útsogsvifta en opnanlegur gluggi.

Hreinlætisáætlun skal liggja fyrir.

- *Um starfsemina gildir m.a. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.*

## 1.2. Tækjageymsla og varaafsstöð

Í aðstöðunni er eingöngu heimild til geymslu og lítilsháttar viðgerða á vélum og tækjum fyrirtækisins, en ekki utanaðkomandi tækja.

Í gólfi geymslunnar er gryfja án niðurfalls. Dælt er úr dammi í gólfi gryfjunnar í gólfniðurfall við enda gryfjunnar. Fráveituvatn frá gólfniðurföllum er leitt í olíuskilju og þaðan í regnvatnsbrunn og regnvatnslögn.

Varaafsstöð er í aðstöðunni, 150 kVA, 300 l dagtankur er tengdur vélinni en 1.100 l olíugeymir fyrir díselolíu er niðurgrafinn utan við húsið.

Um starfsemina gildir m.a.

- *Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfissráðuneyti. Fylgiskjal 2.*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur. Fylgiskjal 3.*

## 1.3. Olíugeymar

Eftirfarandi olíumannvirki eru á flugvælinum:

- 1.100 l húsageymir fyrir díselolíu fyrir vararafstöð er staðsettur neðanjarðar framan við tækjageymsluna.
- 1.100 l neyslugeymir fyrir litaða díselolíu fyrir farartæki flugvallarins er staðsettur sunnan til á flughlaðinu.
- 10.000 l olíugeymir fyrir flugvélaeldsneyti er staðsettur sunnan til á flughlaðinu. Um er að ræða stálgeymi með tvöföldu byrði.

Stærð geymis	Tegund olíu og notkun	fastanúmer	Aldur geymis	Framleiðslustaðall og framleiðandi
1.100 l húsageymir	Díselolía fyrir vararafstöð	3985	06-1996	Olíudreifing DSEN 12285-1/class A
1.100 l neyslugeymir	Lituð díselolía fyrir tæki flugvallar	2018K	08-2006	Olíudreifing NS 1541
10.000 l birgðageymir	Flugvélaeldsneyti	29400 (serial No.)	11-2018	CE, Fuel Proof Ltd.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.*
- *Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsing nr. 582/2000 frá Umhverfissráðuneyti. Fylgiskjal 2.*

## 2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

## 2.1. Mengunarvarnir fráveitu

### 2.1.1. Skólp

Skólpi frá flugstöðinni er veitt í rotþró með siturlögn. Um er að ræða þriggja hólfa plastþró sem sett var niður í desember 2009. Stærð þróar er 4.500 l með siturbeði sem samanstendur af tveim hliðtengdum siturlögnum, 12 m löngum.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.*
- *Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.*
- *Reglugerð um meðferð seyru nr. 799/2019*

### 2.1.2. Olíuskilja við tækjageymslu

Fráveita frá vinnslusal tækjageymslu og gólfniðurföllum er leidd í olíuskilju af gerðinni NS 1,5-II. Olíurými er 1.100 l og sandfang 550 l. Framleiðandi er Borgarplast.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017.*
- *Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.*

#### 2.1.2.1. Sýnataka af fráveitu frá olíuskilju

Fyrirtækið skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Ef ekki er unnt að ná trúverðugu sýni af fráveituvatninu úr nálægum brunni skal setja niður sýnatökubrunn aftan við skiljuna.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og niðurstöður einnig skráðar í gögn um innra eftirlit fyrirtækisins. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykktir.

### 2.1.3. Flughlað

Undanþága er frá kröfu um olíuskilju af fráveitu frá flughlaði skv. samþykkt Heilbrigðisnefndar Austurlands á fundi dags. 14. maí 2019. Á flughlaðinu er staðsettir neyslugeymir (1100 l) og birgðageymir fyrir flugvélaeldsneyti (10 þús. l).

Undanþágan var veitt í samræmi við umsókn fyrirtækisins og á grunni 48. gr. í reglugerð 884/2017 og með eftirfarandi skilyrðum:

*Heilbrigðisnefnd áskilur sér þó rétt til að afturkalla undanþáguna verði breytingar sem hafa í för með sér aukið magn olíu á flughlaðinu, hvort sem er aukin geymsla olíu eða sala. Upplýsingar um magn flugvélaeldsneytis skulu sendar HAUST árlega, enda verði með þær farið sem trúnaðarmál.*

#### 2.1.3.1. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

### 3. Innra eftirlit, rekstrarhandbók

---

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila.

#### 3.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olúgeyma, olú- og sandskiljur, olúlagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olúgeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olúgeymis, olútegund, númer geymis, byggingarár, líftími olúgeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfiryllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

#### 3.2. Innra eftirlit

Krafa er um að á starfsstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit.

Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila:

- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir flugstöð og snyrtingar.
- Skráningar á eftirliti með og kvittanir vegna tæminga á hreinsikerfum fráveitu (sandföng, olúskiljur og rotþró).
- Skráningar á rannsóknaniðurstöðum á fráveituvatni frá olúskiljum.
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum.
- Skráningar og rekstrarhandbækur vegna reksturs olúmannvirkja og geyma skv. reglugerð 884/2017.
- Skráningar á prófunum á sjálfvirkum mengunarvarnabúnaði svo sem yfiryllingarviðvörun á olúskilju.
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögð við þeim.
- Kvartanaskráning.

### 4. Almenn ákvæði

---

#### 4.1. Lóð og umhverfi

Umhengni um lóð og athafnasvæði fyrirtækisins skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

#### 4.2. Vatnsveita

Neysluvatn er frá vatnsveitu Hafnar.

Um vatnsveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*
- *Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti*

#### 4.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins og viðkomandi sorpsamlags. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

M.a. skal farið eftir:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

## 5. Mengunarslys

---

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Mengunarslys skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

## 6. Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olúgeyma, olúskilja og lagna er byggingaleyfisskilt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olúgeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

  
Dröfn Svabjörnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi